

Nr. 30.
16.
nóvbr.

Lög

um

lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum
landsins m. m.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Landssjóður leggur fram meðan á þarf að halda 15,000 kr. á ári sem lánsfje,
til þess að koma upp sæmilegum íbúðarhúsum á prestssetrum landsins.

2. gr.

Ekkert lán má fara fram úr 3,000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4 % á
ári. Af því eru 3½ % vextir, en ½ % afborgun.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. og 2. gr. eru embættislán og hefur því landssjóður veð fyrir
lánsupphæðinni og vöxtum af henni í öllum tekjum embættisins, enda skal prestur allt
af sitja þar sem hús er byggt að nokkru eða öllu leyti fyrir slíkt lánsfje.

4. gr.

Nú sækir einhver prestur um slíkt lán, og skal hann þá lýsa nákvæmlega stað
þeim, er hann ætlar að byggja á, svo að landsstjórnin sjái ljóslega, hversu þeim stað er
í sveit komið, og hvort hússtæði er þar nokkur hætta búin af völdum náttúrunnar, svo
sem af sjávargangi, skriðufalli eða öðru.

5. gr.

Sæki fleiri um lán eitthvert ár en fengið geta, skal veita lánið þeim, sem fyrstur
biður um það. Sæki tveir eða fleiri jafn snemma, skal sá hafa forgöngurjett, er mest
kynni að vilja leggja fram til byggingarinnar úr eigin sjóði.

6. gr.

Hús, sem lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eptir uppdrætti, sem
landsstjórnin samþykkir, og sem líkust hvert öðru, enda annaðhvort úr steini (stein-
steypu) eða úr timbri, og þá öll járnvarin.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 30.
16.
Novbr.

Laan af Landskassen til Opførelse af Vaaningshuse paa Landets Præstegaarde m. m.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af Landskassen anvendes, saa længe det behøves, 15,000 Kr. aarlig som Laan til Opførelsen af sømmelige Beboelseshuse paa Landets Præstegaarde.

§ 2.

Intet Laan maa overstige 3,000 Kr. Laanene forrentes og afbetales med 4 pCt. aarlig; deraf er $3\frac{1}{2}$ pCt. Rente, $\frac{1}{2}$ pCt. Afbetaling.

§ 3.

Laan ifølge §§ 1 og 2 ere Embedsllaan, hvorfor Landskassen har Panteret for Laanets Kapital og Renterne af samme i alle Embedets Indtægter; derhos skal Præsten altid være bosiddende paa det Sted, hvor en Bygning er opført helt eller delvis for et saadant Laanebeløb.

§ 4.

Naar en Præst ansøger om et saadant Laan, skal han udførlig beskrive det Sted, hvor han agter at bygge, saaledes at Regeringen faar et klart Begreb om Stedets Beliggenhed og Omgivelser, og om en der opført Bygning vil blive udsat for nogen Fare ved Naturbegivenheder, saasom Stormflod, Jordskred eller andet.

§ 5.

Ansøge et Aar flere om Laan, end der kunne erholde samme, skal Laan tilstaa dem, som først melder sig. Indgive to eller flere Ansøgning samtidig, skal den have Fortrinnet, som maatte være villig til at tilskyde det største Beløb af egne Midler til Byggeforetagendet.

§ 6.

Bygninger, til hvis Opførelse der anvendes Laan af Landskassen, skulle være opførte efter en af Regeringen approberet Tegning, og ligne hinanden saa meget som muligt, derhos opførte enten af Sten (Beton) eller af Tømmer og i sidste Tilfælde helt beklædte med Jærnplader.

Nr. 30. Lov af 16. November om Laan af Landskassen til Opførelse af Vaaningshuse paa Landets Præstegaarde m. m.

Nr. 30.

16.
nóvbr.

7. gr.

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og stjórninni er fengið skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi fyrir því, að efnið, sje það timbur, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast þegar sýnd eru skil fyrir því, að húsið sje byggt eptir uppdrætti og áætlun og vel frá smíði gengið, enda sje stjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi fyrir því, að húsið sje tryggt fyrir virðingarverð. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið fyrir húsinu meðan lánið stendur.

8. gr.

Stjórnin lætur byggingarfróðan mann skoða hvert nýbyggt hús svo fljótt sem kostur er á, og síðan endurskoða það á 5 ára fresti. Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi byggt eða því við haldið sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum eða með frávikningu frá embætti um stundarsakir. Loks getur stjórnin látið bæta úr göllunum á kostnað prests og skal prestur þá að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýzt, þar með talinn innheimtukostnaður.

9. gr.

Nú greiðir prestur ekki áskilda afborgun og vexti í gjalddaga, og má þá landsstjórnin láta taka árgreiðsluna hjá presti með fjárnámi, án dóms eða sáttar. Svo getur og landsstjórnin krafizt borgunar árgjaldsins hjá sóknarnefnd eða prófasti, eigi þau að einhverju leyti að standa presti skil á tekjum hans.

10. gr.

Nú greiðir prestur eigi iðgjald fyrir húsabyrgð samkvæmt 7. gr., og skal þá landsstjórnin að vísu leggja það fram úr landssjóði til bráðabirgða, en hefur aptur lögtaksrjett fyrir því gagnvart presti.

11. gr.

Nú ónýtist hús, er byggt hefur verið fyrir lánsfje samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar svo sem jarðeldi, landskjálpta eða þvílíku, og skal þá landssjóður leggja fram efni í samskonar hús á sinn kostnað, en prestur allan annan kostnað, enda reynist hið nýja hús jafn vandað hinu eldra.

12. gr.

Nú er ekki allt lánsfjeð notað eitthvert ár, og má þá landsstjórnin lána það, sem af gengur, til þess að breyta eldri prestakallalánum til íbúðarhúsabyggingar í lán samkvæmt lögum þessum, en þó því að eins, að það hús sje ekki lakara en hjer um rætt, og gilda þá öll fyrirmæli laga þessara, að svo miklu leyti sem eðli málsins leyfir, um það lán.

13. gr.

Nú er hús byggt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $\frac{1}{2}$ % af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar.

§ 7.

Halvdelen af Laanesummen udbetales, saa snart der er forevist Regeringen Bevisligheder for, at Materialier overensstemmende med Tegningen og Overslaget ere ankomne paa Byggepladsen, og der er afleveret til Regeringen en Police fra et paa- lideligt Brandassuranceselskab lydende paa, at Materialierne, hvis de er af Tømmer, ere forsikrede for deres fulde Værdi. Den anden Halvdel udbetales, naar der forevises Bevisligheder for, at Bygningen er opført overensstemmende med Tegningen og Over- slaget og Arbejdet er godt udført, hvorhos der samtidig afgives til Regeringen en Police fra et paa- lideligt Brandforsikringsselskab, lydende paa, at Bygningen er assureret for dens Vurderingssum. Regeringen opbevarer Policen, saa længe Laanet ikke er helt betalt.

§ 8.

Saa snart Omstændighederne tillade saadant, lader Regeringen en bygnings- kyndig Mand besigtige enhver nyopført Bygning, og derefter gentages Besigtigelsen hvert 5te Aar. Viser det sig ved Besigtigelsen, at Bygningen ikke er tilbørlig opført eller vedligeholdt, kan Regeringen ved Dagsmulkter eller Suspension tilholde Præsten at raade Bod paa Manglerne. Endelig kan Regeringen lade raade Bod paa Manglerne paa Præstens Bekostning, i hvilket Tilfælde Præsten bør refundere alle deraf flydende Omkostninger skadesløst, deri indbefattet Omkostningerne ved Inddrivelsen.

§ 9.

Betaler Præsten ikke den betingede Afbetaling og Renter til Forfaldsdagen, kan Regeringen lade gøre Udlæg hos ham for den aarlige Ydelse uden Dom eller Forlig. Ligeledes kan Regeringen forlange Aarsydelsen betalt af Sogneudvalget eller Provsten, hvis de i en eller anden Henseende skulle gøre Præsten Rede for hans Indtægter.

§ 10.

Naar Præsten ikke betaler Præmie af Bygningens Forsikring ifølge § 7, skal Regeringen vel foreløbig lade den udrede af Landskassen, men har til Gengæld Udpant- ningsret for samme hos Præsten.

§ 11.

Ødelægges en Bygning, som er bleven opført ved Hjælp af Laan ifølge denne Lov, ved en eller anden uafvendelig Naturbegivenhed, saasom vulkansk Udbrud, Jord- skælv eller deslige, skal Landskassen levere Materialer til en Bygning af samme Slags, men Præsten afholde alle andre Omkostninger; den ny Bygning skal være lige saa for- svarlig opført som den tidligere.

§ 12.

Naar hele Laanesummen ikke bruges i et Aar, kan Regeringen udlaane det overskydende til at konvertere ældre Præstekalds- laan til Opførelsen af Vaaningshuse til Laan overensstemmende med denne Lov, men dog kun for saa vidt som den om- handlede Bygning ikke er ringere end her ommeldt, i hvilket Fald alle denne Lovs Be- stemmelser, for saa vidt Forholdets Natur tilsteder det, gælde om det nye Laan.

§ 13.

Naar en Bygning er opført helt eller delvis for Laan af Landskassen overens- stemmende med nærværende Lov, har Præsten aarlig at lægge $\frac{1}{2}$ pCt. af Bygningens Vurderingssum i en Fond, som benævnes »Amortisationsfond« og administreres af Regeringen.

Nr. 30.
16.
nóvbr.

14. gr.

Hið árlega fyrningargjald skal greiða 6. júní ár hvert, í fyrsta skipti 6. júní eftir að hús er byggt, og svo lengi sem hús stendur.

15. gr.

Nú greiðir prestur eigi fyrningargjaldið á ákveðnum degi, og skal þá landssjóður leggja það fram til bráðabirgða, en hefur aptur lögtaksrjett fyrir því á hendur presti.

16. gr.

Tekjur og eigur Fyrningarsjóðs skal ávaxta í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands.

17. gr.

Nú fellur hús, sem greitt er af fyrningargjald, fyrir venjulega fyrningu, og skal Fyrningarsjóður þá innan 6 mánaða frá aðvörunardegi leggja fram allt það, sem sjóðnum hefur greiðst fyrir húsið, að viðbættum öllum vöxtum af árgjöldunum.

Nemi slit eða gallar á húsinu meiru en venjulegri fyrningu, bætir prestur það með álagi á vanalegan hátt.

18. gr.

Stjórnin semur í byrjun hvers árs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár og birtir síðan reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 14.

Nr. 30.

16.
Novbr.

Den aarlige Amortisationsydelse betales hvert Aars 6. Juni, første Gang den næstpaafølgende 6. Juni efter at Bygningen er opført, og saa længe den staar.

§ 15.

Erlægges Præsten ikke Amortisationsydelsen til den fastsatte Dag, udredes den foreløbig af Landskassen, der igen har Udpantningsret for samme hos Præsten.

§ 16.

Amortisationsfondens Indtægter og Kapitaler forrentes i Sparebankens Udbetalingsafdeling.

§ 17.

Naar en Bygning, hvoraf der erlægges Amortisationsydelse, paa sædvanlig Maade forgaar paa Grund af Ælde, skal Amortisationsfondens inden 6 Maaneder fra Anmeldelsesdagen udbetale alt, hvad der er blevet indbetalt i Fondens for Bygningen, med Tillæg af hele Renten af Aarsydelse.

Saafernt Fæld eller Mangler ved Huset overstige sædvanlig Medtagen ved Ælde erstattes dette af Præsten med sædvanlig Aabod.

§ 18.

I Begyndelsen af hvert Aar affatter Regeringen Fondens Regnskab for det forløbne Aar og bekendtgør det derefter i Regeringstidenden Afdeling B.

§ 19.

Nærværende Lov træder i Kraft den 1. Januar 1908.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.